


# Uppgjör 1F 2021

**Lilja Björk Einarsdóttir**

Bankastjóri

**Hreiðar Bjarnason**

Framkvæmdastjóri
Fjármála og reksturs

# Sterk og skýr stefna skilar árangri

## - Traustur rekstur og góð fjárhagsstaða.

Stöðugur árangur í takt við nýja stefnu – Landsbanki nýrra tíma

**Arðsemi eigin fjár**

- Skilvirkur og hagkvæmur rekstur skilar 7,6 ma.kr. hagnaði á fyrsta ársfjórðungi og 11,7% arðsemi eiginfjár. Jákvæður viðsnúningur frá 1F 2020.

**Hreinar þjónustutekjur**

- Aukin umsvif í eignastýringu og miðlun leiða til 6% aukningar í hreinum þjónustutekjum, þrátt fyrir samdrátt í kortatekjum vegna heimsfaraldurs.

**Virðisbreytingar**

- Viðsnúningur í virðisbreytingum útlána sem skilar 2,5 ma.kr. tekjufærslu. Áhrifamiklar mótvægisaðgerðir ríkissjóðs vegna faraldursins, kröftug innlend eftirspurn og bættar efnahagshorfur hafa mest áhrif.

**Sterk eiginfjárstaða**

- Eiginfjárgrunnur er 32 ma.kr. umfram eiginfjármarkmið bankans og 68 ma.kr. umfram heildareiginfjárkröfu Fjármálaeftirlits Seðlabankans.
- Arðgreiðsla í lok fjórðungs nam 4,5 mö.kr, eða 43% af hagnaði fyrra árs.

**Fjölbreytt fjármögnun**

- Innlán viðskiptavina nema um helmingi af heildarfjármögnun bankans. Aukin innlend skuldabréfaútgáfa til að fjármagna vöxt íbúðalána.
- Gott aðgengi að erlendum fjármagnsmörkuðum. Fyrstu grænu skuldabréf bankans í evrum bera lægstu vexti sem bankinn hefur fengið erlendis.

Hagnaður fjórðungsins
**7,6** ma.kr.
11,7% arðsemi eiginfjár

Eiginfjárhlutfall
**24,9%**
Lágmarkskrafa 18,8%

Kostnaðarhlutfall
**45,8%**
Hlutfall kostnaðar og tekna (K/T hlutfall)

Heildarinnlán
**794** ma.kr.

Heildarútlán
**1.287** ma.kr.

Eignir í stýringu
**591** ma.kr.

BBB
með stöðugum horfum
S&P Global Ratings
Lánshæfiseinkunn Landsbankans frá S&P Global Ratings er BBB/A-2 með stöðugum horfum

EUROMONEY AWARDS FOR EXCELLENCE 2020
The Banker
Besti bankinn á Íslandi að mati *Euromoney* og *The Banker*

SUSTAINALYTICS
*UFS áhættumatseinkunn er 13,5 (lítil áhætta).*

# Viðburðaríkur ársfjórðungur

## - Áhersla á stafræna þróun og sjálfbærni. Ánægja starfsfólks aldrei mælst hærri.

Landsbankinn gaf út sína fyrstu sjálfbæru fjármálaumgjörð.

Landsbankinn hlaut hina alþjóðlega viðurkenndu CarbonNeutral vottun vegna kolefnisjöfnunar á starfsemi sinni fyrir árið 2020.

Landsbankinn gaf út grænt skuldabréf í evrum. Með þessari útgáfu buðust bankanum ein bestu kjör sem hann hefur fengið í skuldabréfaútgáfu og náði bankinn til mun breiðari hóps fjárfesta en áður.




Ánægja og stolt meðal starfsfólks hefur aldrei mælst hærra.

**1.900**

sparireikningar voru stofnaðir með Sparað í appi, enda er lausnin þægileg og einfaldar viðskiptavinum lífið.

**83%**

Fyrirtækja sem stofna til viðskipta með rafrænum lausnum klára umsóknarferlið á innan við 2 mínútum.

**15.000**

pöntuð símtöl og tímar í útibúum - þægileg þjónusta sem viðskiptavinir hafa nýtt sér í auknum mæli.

**82.000**

viðskiptavinir nota appið til að sinna sínum fjármálum.




Landsbankinn mælist meðal topp 10 fyrirtækja á Íslandi í kjarnaspurningum Gallup (e. employee engagement).

# Áfram leiðandi á íbúðalánamarkaði
## - Aukin markaðshlutdeild og ánægja viðskiptavina.

### Markaðshlutdeild Landsbankans




### Ánægðari viðskiptavinir

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2019

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2020

**Ánægjuvogin**

Efst banka í Íslensku ánægu-voginni annað árið í röð

**82%**

**viðskiptavina framkvæma greiðslumat vegna íbúðalána rafrænt.**

**5 mín.**

**Meirihluti viðskiptavina framkvæmir greiðslumat með rafrænum hætti. Það tekur aðeins fimm mínútur.**

### Markaðshlutdeild á íbúðalánamarkaði

*Heimild: Opinber uppgjör bankannna og hagtölur Seðlabanka Íslands*



# Úrræði fyrir viðskiptavini vegna heimsfaraldurs
## - Fáir einstaklingar með virk Covid-19 úrræði, en mörg fyrirtæki enn með Covid-19 úrræði.




■ Virk Covid-19 úrræði ■ % virk úrræði




■ Virk Covid-19 úrræði ■ % virk úrræði

**Einstaklingar**
Í lok fyrsta ársfjórðungs 2021 var 0,6% af útlánum til einstaklinga með virkt úrræði í formi frestunar greiðslna. Verulega hefur dregið úr þörf fyrir slík úrræði, en þegar mest var voru tæplega 8% af útlánum til einstaklinga með slík úrræði á síðasta ári.

**Fyrirtæki**
Áfram er nokkur hluti útlána til fyrirtækja með úrræði í formi frestun greiðslna. Í lok fyrsta ársfjórðungs var rúmlega 14% af útlánum fyrirtækja með virk úrræði. Að mestu leyti er um að ræða fyrirtæki í ferðaþjónustu.

# Traustur rekstur

## - Aukin skilvirkni samhliða stækkun efnahagsreiknings.

### Hlutfall rekstrarkostnaðar af heildareignum




■ Heildareignir (í lok tímabils) ■ Rekstrarkostnaður í hlutfalli af mst. heildareigna (h-ás)

Efnahagsreikningur hefur stækkað um 34% á frá árinu 2017 meðan kostnaður hefur staðið í stað. Aukin skilvirkni og gott rekstraraðhald skilar aukinni stærðarhagkvæmni í rekstri bankans. Stafræn þjónusta er skilvirkari fyrir viðskiptavini og eykur ekki kostnað bankans.

### Hlutfall þjónustutekna pr. stöðugildi fer hækkandi




■ 1F ■ 2F ■ 3F ■ 4F ■ Stöðugildi (í lok tímabils) (h-ás)

Enn eru tækifæri til að auka þjónustutekjur með því að bæta við þjónustuþáttum og auka markaðshlutdeild á einstaka mörkuðum.

# Helstu niðurstöður – Rekstur 1F 2021

- Jákvæður viðsnúningur í rekstri bankans, einkum vegna virðisbreytinga útlána og mikilla verðhækkana á hlutabréfamarkaði.

- Hagnaður á fyrsta ársfjórðungi 2021 nam 7,6 milljörðum króna eftir skatta, samanborið við 3,6 milljarða króna tap á fyrsta ársfjórðungi 2020.
- Hreinar vaxtatekjur námu 8,6 milljörðum króna, samanborið við 9,4 milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi 2020.
- Jákvæðar virðisbreytingar á ársfjórðungnum upp á 2,5 milljarða króna má að mestu rekja til uppfærðra efnahagssviðsmynda, eða um 2,3 milljarða króna. Efnahagssamdráttur árið 2020 reyndist minni en útlit var fyrir og horfur eru á jákvæðum viðsnúningi á seinni hluta þessa árs. Óvissan er eftir sem áður töluverð vegna áhrifa heimsfaraldursins.
- Á fjórðungnum var framkvæmt sérstakt mat á öllum einstökum mikilvægum útlánum til fyrirtækja sem hafa fengið Covid-19 úrræði.
- Hreinar þjónustutekjur á tímabilinu námu 2,1 milljarði króna, samanborið við 1,9 milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi 2020.
- Rekstrarkostnaður lækkaði um 173 milljónir króna milli ára, eða um 3%.
- Arðsemi eigin fjár var 11,7% á fyrsta ársfjórðungi 2021, samanborið við -5,9% á sama ársfjórðungi 2020.
- Kostnaðarhlutfall á fyrsta ársfjórðungi ársins var 45,8% samanborið við 72,6% á fyrsta ársfjórðungi 2020.

**Hagnaður (Tap)**




**Arðsemi eigin fjár**




**Hreinar vaxtatekjur**




**Kostnaðarhlutfall (K/T)**




Fjárhæðir í milljónum króna

# Helstu niðurstöður – Efnahagur

## - Áframhaldandi vöxtur íbúðalána, eiginfjár- og lausafjárhlutföll einkar sterk.

- Heildareignir námu 1.601 milljörðum króna í lok 1F 2021.
- Útlán jukust um 14 milljarða króna frá áramótum. Útlán til fyrirtækja hafa lækkað um 12 milljarða frá áramótum, að mestu vegna gengisáhrifa. Útlán til heimila jukust um 26 milljarða króna, allt aukning vegna íbúðalána.
- Eigið fé Landsbankans nam 261 milljörðum króna í lok 1F 2021 og hefur hækkað úr 258 milljörðum króna frá áramótum.
- Eiginfjárhlutfall alls var 24,9% í lok 1F 2021 og hefur lækkað úr 25,1% frá árslokum 2020 en er vel umfram 18,8% eiginfjárkröfu Seðlabankans.
- Á aðalfundi bankans var samþykkt tillaga bankaráðs um að greiða arð til hluthafa vegna rekstrarársins 2020 sem nemur 0,19 krónum á hlut. Fjárhæð arðgreiðslunnar nemur 4.489 milljónum króna, sem samsvarar um 42,7% af hagnaði ársins 2020. Arðurinn var greiddur út 31. mars 2021.
- Heildarlausafjárþekja (LCR) var 202% í lok 1F 2021 en var 154% í lok árs 2020. Hlutföllin eru vel umfram lágmarkskröfu.

### Heildareignir




### Eiginfjárhlutfall alls




### Útlán og kröfur á viðskiptavini




### Heildarlausafjárþekja (LCR)




Fjárhæðir í milljörðum króna

# Þróun lykilmælikvarða

- Arðsemi á 1F vel umfram væntingar, en áframhaldandi óvissa tengd heimsfaraldri. Fjárhagslegur styrkleiki áfram mikill.

## Arðsemi eigin fjár




## Eiginfjárhlutfall




## Kostnaðarhlutfall (K/T)




## Heildarlausafjárþekja



# Fjárhagsleg markmið

## - Sterk stefna leiðir af sér traustan rekstur.

| | | Markmið | 1F 2021 | Leiðbeinandi viðmið |
|---|---|---|---|---|
| Arðsemi | **Arðsemi eigin fjár** | ≥ 10% | 11,7% | Langtímamarkmið bankans er að arðsemi eiginfjár verði um eða yfir 10%.<br><br>Í núverandi lágvaxtaumhverfi er hins vegar gert ráð fyrir að á árunum 2021-2023 verði arðsemi eigin fjár á bilinu 6% - 8%. |
| Skilvirkni | **Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T)** | ≤ 45% | 45,8% | Markmið bankans er að K/T hlutfall sé undir 45%. Þó er ólíklegt að það náist í núverandi lágvaxtaumhverfi. |
| Fjárhagslegur styrkur | **Arðgreiðsluhlutfall** | ~ 50% | 42,7% | Markmið bankans er að reglulegar arðgreiðslur verði að jafnaði ~50% af hagnaði fyrra árs. Til viðbótar er stefnt að sérstökum arðgreiðslum til þess að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans. |
| | **Almennt eigið fé þáttar 1 (CET1)** | ≥ 18% | 23,0% | Markmið bankans um eiginfjárhlutföll fela í sér stjórnendaauka sem nemur mismun á þessum fjárhagslegu markmiðum og lögbundnum eiginfjárkröfum á hverjum tíma.<br><br>Markmið bankans er einnig að vera í hæsta flokki fyrir áhættuvegið eiginfjárhlutfall, eins og það er ákvarðað og metið af viðeigandi lánshæfismatsfyrirtækjum.<br><br>Bankinn mun leitast við að gefa út víkjandi fjármögnun á markaði, sé það talið hagkvæmt og hagfellt fyrir fjármagnsskipan bankans. |
| | **Eiginfjárhlutfall alls** | ≥ 22% | 24,9% | |

TRAUST

# LANDSBANKI NÝRRA TÍMA

## ÁNÆGÐIR VIÐSKIPTAVINIR

Einföldum viðskiptavinum lífið

Frumkvæði

## STÖÐUG FRAMÞRÓUN

Snjallari starfsemi

Traustur banki

## VIÐ ELSKUM ÁRANGUR

Árangursdrifin menning

Vinnustaður framtíðarinnar

Okkar markmið er að viðskiptavinir geti alltaf afgreitt sig sjálfir, hvar og hvenær sem er. Við leggjum áherslu á að einfalda viðskiptavinum lífið og sýna þeim frumkvæði.

Það gerum við með því að þróa einfaldar, stöðugt aðgengilegar lausnir og með því að nýta gögn til að veita viðskiptavinum persónulega og faglega ráðgjöf.

Við gerum starfsemi bankans stöðugt snjallari og nýtum gögn bankans betur, m.a. til að bjóða upp á sérsniðna þjónustu.

Reksturinn er traustur og öruggur og við leggjum sérstaka áherslu á upplýsingaöryggi. Þá ætlum við vera í fremstu röð hvað varðar sjálfbærni.

Árangur viðskiptavina er okkar árangur. Því byggjum við upp árangursdrifna vinnumenningu og leggjum jafnframt áherslu á að þróa vinnustað framtíðarinnar.

Fjölbreyttur og sveigjanlegur vinnustaður hvetur starfsfólk til að vinna saman og þróa hugmyndir yfir í lausnir.

# Rekstrarreikningur



# Rekstrarreikningur

| | 1F 2021 | 1F 2020 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 8.626 | 9.427 | -801 | -8% |
| Hreinar þjónustutekjur | 2.054 | 1.945 | 109 | 6% |
| Hrein virðisbreyting | 2.489 | -5.244 | 7.733 | 147% |
| Aðrar rekstrartekjur | 2.590 | -2.728 | 5.318 | 195% |
| **Rekstrartekjur samtals** | **15.759** | **3.400** | **12.359** | **364%** |
| | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3.769 | 3.844 | -75 | -2% |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.315 | 2.430 | -115 | -5% |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | 467 | 450 | 17 | 4% |
| **Rekstrargjöld samtals** | **6.551** | **6.724** | **-173** | **-3%** |
| | | | | |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **9.208** | **-3.324** | **12.532** | **377%** |
| | | | | |
| Tekjuskattur | 1.590 | 304 | 1.286 | 423% |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | **7.618** | **-3.628** | **11.246** | **310%** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Hreinar rekstrartekjur

- Jákvæð virðisbreytinga útlána og sterkur fjórðungur í þjónustutekjum. Vaxtamunur lækkar umtalsvert vegna lágvaxtaumhverfis.




## Hreinar vaxtatekjur




## Hrein virðisbreyting útlána og krafna




## Hreinar þjónustutekjur




Fjárhæðir í milljónum króna

# Hreinar rekstrartekjur

## - Áframhaldandi góð ávöxtun hlutabréfaeignar, en flökt hefur aukist í faraldrinum.

### Hlutabréf




### Aðrar rekstrartekjur (og gjöld)




### Markaðsskuldabréf




### Gengismunur gjaldmiðla




Fjárhæðir í milljónum króna

# Rekstrargjöld

## - Áframhaldandi kostnaðaraðhald og fækkun stöðugilda samhliða aukinni sjálfvirkni.

### Laun og tengd gjöld




### Stöðugildi




### Annar rekstrarkostnaður









Fjárhæðir í milljónum króna

# Efnahagsreikningur



# Heildareignir

| | 31.3.2021 | 31.12.2020 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Sjóður og innstæður í Seðlabanka | 60 | 68 | -8 | -11% |
| Markaðsskuldabréf | 134 | 119 | 15 | 12% |
| Hlutabréf | 32 | 27 | 5 | 19% |
| Útlán og kröfur á lánastofnanir | 55 | 48 | 7 | 15% |
| Útlán og kröfur á viðskiptavini | 1.287 | 1.273 | 14 | 1% |
| Aðrar eignir | 33 | 29 | 4 | 12% |
| **Samtals** | **1.601** | **1.564** | **37** | **2%** |












Fjárhæðir í milljörðum króna

# Útlán og kröfur á viðskiptavini

## - Hóflegur útlánavöxtur á fyrsta ársfjórðungi og aukin hlutdeild óverðtryggðra lána.

### Heildarútlán







### Vandræðalán




*Vegna tímabundinna COVD-19 úrræða og frestunar á greiðslum má ætla að vanskil mælist minni en ella.

### Útlán eftir áhættustigum

| | Bókfært virði brúttó | | Virðisrýrnunarsjóður | | Bókfært virði | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Áhættustig 1 | 1.096 | 83,7% | 2 | 0,2% | 1.094 | 85,0% |
| Áhættustig 2 | 152 | 11,6% | 6 | 3,9% | 146 | 11,3% |
| Áhættustig 3 | 42 | 3,2% | 14 | 33,3% | 28 | 2,2% |
| Gangvirði | 19 | 1,5% | | | 19 | 1,5% |
| **Samtals** | **1.309** | **100%** | **22** | **1,7%** | **1.287** | **100%** |

Fjárhæðir í milljörðum króna

# Virðisbreyting útlána

- Virðisrýrnunarsjóður áfram í háum gildum vegna áhrifa Covid-19.

## Virðisrýrnunarsjóður vegna útlána og krafna til viðskiptavina




## Áhættukostnaður útlána




## Heildarútlán eftir flokkun í áhættustig




## Virðisrýrnunarsjóður sem hlutfall af kröfuvirði






Fjárhæðir í milljörðum króna

# Útlán til einstaklinga

## - Mikill vöxtur óverðtryggðra íbúðalána, en uppgreiðslur verðtryggðra útlána halda áfram.

### Útlán til einstaklinga




### Útlán til einstaklinga eftir flokkun í áhættustig




### Útlán heimila eftir lánsformum




### Dreifing á uppsöfnuðu veðhlutfalli íbúðalána




Fjárhæðir í milljörðum króna

# Útlán til fyrirtækja

## - Samdráttur í útlánum til fyrirtækja er drifinn af gengisbreytingum.

### Útlán til fyrirtækja




### Útlán til fyrirtækja eftir flokkun í áhættustig




### Útlán til fyrirtækja eftir atvinnugreinum






Fjárhæðir í milljörðum króna

# Skuldir og eigið fé

## - Innlán eru áfram meginstoð í fjármögnun bankans, en lántaka á skuldabréfamarkaði fer vaxandi.

| | 31.3.2021 | 31.12.2020 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka | 41 | 49 | -8 | -16% |
| Innlán frá viðskiptavinum | 794 | 793 | 1 | 0% |
| Lántaka | 453 | 420 | 33 | 8% |
| Aðrar skuldir | 31 | 23 | 8 | 39% |
| Víkjandi lántaka | 21 | 21 | 0 | -2% |
| Eigið fé | 261 | 258 | 3 | 1% |
| **Samtals** | **1.601** | **1.564** | **37** | **2%** |




### Innlán frá viðskiptavinum




### Skuldir og eigið fé



# Lánsfjármögnun

## - Stöðugur vöxtur í útgáfu sértryggðra skuldabréfa undanfarin ár.

### Sundurliðun lánsfjármögnunar







### Útgáfa lánsfjármögnunar




### Endurgreiðsluferill lánsfjármögnunar *




*EUR 100m víkjandi lán eru á gjalddaga 2028 með innköllunarheimild 2023.
ISK 5,5 milljarðar víkjandi lán er á gjalddaga 2029 með innköllunarheimild 2024.

Fjárhæðir í milljörðum króna

# Lausafjárþekja og fjármögnunarþekja

## - Sterk lausafjár- og fjármögnunarhlutföll.

### Heildarlausafjárþekja




### Fjármögnunarþekja




### Lausafjárþekja ISK




### Lausafjárþekja erlendra mynta



# Eiginfjárkröfur

## - Eiginfjárhlutföll vel yfir lágmarkskröfum.

| | CET1 | Tier 1 | Alls |
|---|---|---|---|
| Stoð I | 4,5% | 6,0% | 8,0% |
| Stoð II-R | 1,9% | 2,6% | 3,4% |
| **Lámarkskrafa undir Stoð I og Stoð II-R** | **6,4%** | **8,6%** | **11,4%** |
| Eiginfjárauki vegna kerfisáhættu | 2,89% | 2,89% | 2,89% |
| Eiginfjárauki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki | 2,00% | 2,00% | 2,00% |
| Sveiflujöfnunarauki | 0,00% | 0,00% | 0,00% |
| Verndunarauki | 2,50% | 2,50% | 2,50% |
| **Samanlögð krafa um eiginfjárauka undir Stoð II-G** | **7,39%** | **7,39%** | **7,39%** |
| | | | |
| **Heildarkrafa um eiginfjárgrunn** | **13,8%** | **16,0%** | **18,8%** |
| | | | |
| **Eiginfjárhlutfall alls 31.3.2021** | **23,0%** | **23,0%** | **24,9%** |

### Heildarkrafa um eiginfjárgrunn sem hlutfall af áhættugrunni




### Áhættuvegnar eignir




- Samstæðan notast við staðalaðferð (e. Standardised Approach) við útreikning á eiginfjárkröfum undir Stoð I fyrir útlána og markaðsáhættu. Fyrir rekstraráhættu notast bankinn við grundvallaraðferð (e. Basic Indicator Approach). Bankinn beitir virkri nálgun (dynamic approach) hvað varðar aðlögunarákvæði um IFRS 9.

Fjárhæðir í milljónum króna

# Arðgreiðslur og eiginfjárhlutfall

## - Arðgreiðslur 2021 í samræmi við hámarks viðmið Seðlabanka Íslands.

### Arðgreiðsla 2021

- Aðalfundur bankans, sem haldinn var þann 24. mars 2021, samþykkti tillögu bankaráðs um að greiða arð til hluthafa vegna reikningsársins 2020 sem nemur 0,19 krónum á hlut. Fjárhæð arðgreiðslunnar miðað við útistandandi hluti nemur 4.489 milljónum króna, sem samsvarar 43% af hagnaði ársins 2020.
- Arðgreiðslan er í samræmi við þau hámarks viðmið sem Fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands setti fram þann 13. janúar 2021.
- Arðurinn var greiddur út til hluthafa þann 31. mars 2021.

### Arðgreiðslur




### Arðgreiðslustefna Landsbankans

- Landsbankinn stefnir að því að reglulegar arðgreiðslur til hluthafa verði að jafnaði um 50% af hagnaði fyrra árs. Í samræmi við markmið um eiginfjárhlutfall er einnig stefnt að sérstökum arðgreiðslum til þess að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans.
- Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslna verði tryggt að bankinn viðhaldi afar sterkri fjárhagsstöðu. Þannig verði tekið mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og að bankinn viðhaldi til framtíðar traustri eiginfjár- og lausafjárstöðu og uppfylli lögbundnar kröfur um fjárhagsstöðu á hverjum tíma.

### Eiginfjárhlutfall alls, breytingar 1F 2021




Fjárhæðir í milljónum króna

# Viðauki - ítarefni



# Efnahagssviðsmyndir vegna mats á væntu útlánatapi

- Hagfræðideild Landsbankans útbýr sviðsmyndir með spám um mikilvægar hagstærðir.
- Myndirnar sýna lykil hagstærðir sem notaðar voru við útreikning á væntu útlánatapi fyrir áhættustig 1 og 2.
- Spárnar sýna meðaltalsgildi fyrir næstu 12 mánuði og út spátímann, sem nær til meðallangs tíma.
- Við útreikning á væntu útlánatapi er jákvæðu sviðsmyndinni gefið 25% vægi, grunnsviðsmyndinni er gefið vægið 50% og neikvæðu sviðsmyndinni er gefið vægið 25%.

## Hagvöxtur




## Atvinnuleysi




## Verðbólga




## Meginvextir SÍ (sjö daga bundin innlán)




## EUR/ISK




## Íbúðaverð (breyting milli ára)



# Kennitölur

| | 1F 2021 | 4F 2020 | 3F 2020 | 2F 2020 | 1F 2020 | 2020 | 2019 | 2018 | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hagnaður (tap) eftir skatta | 7.618 | 9.822 | 3.986 | 341 | -3.628 | 10.521 | 18.235 | 19.260 | 19.766 | 16.643 |
| Arðsemi eigin fjár fyrir skatta | 14,2% | 17,8% | 8,5% | -0,9% | -5,4% | 5,1% | 9,6% | 11,1% | 11,0% | 8,7% |
| Arðsemi eigin fjár eftir skatta | 11,7% | 15,5% | 6,5% | 0,6% | -5,9% | 4,3% | 7,5% | 8,2% | 8,2% | 6,6% |
| Arðsemi heildareigna eftir skatta | 1,9% | 2,5% | 1,0% | 0,1% | -1,0% | 0,7% | 1,3% | 1,5% | 1,7% | 1,5% |
| Eiginfjárhlutfall alls | 24,9% | 25,1% | 24,7% | 24,9% | 24,8% | 25,1% | 25,8% | 24,9% | 26,8% | 30,2% |
| Hreinar vaxtatekjur | 8.626 | 9.694 | 9.441 | 9.512 | 9.427 | 38.074 | 39.670 | 40.814 | 36.271 | 34.650 |
| Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna | 2,2% | 2,4% | 2,4% | 2,5% | 2,6% | 2,5% | 2,8% | 3,2% | 3,1% | 3,1% |
| Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T) | 45,8% | 38,8% | 46,6% | 42,7% | 72,6% | 47,4% | 42,6% | 45,5% | 46,1% | 48,4% |
| Heildarlausafjárþekja | 202% | 154% | 186% | 191% | 196% | 154% | 161% | 158% | 157% | 128% |
| Lausafjárþekja erlendra mynta | 477% | 424% | 379% | 476% | 489% | 424% | 769% | 534% | 931% | 743% |
| Lausafjárþekja ISK | 120% | 105% | 107% | 114% | 96% | 105% | 61% | 44% | 60% | 90% |
| Fjármögnunarþekja | 118% | 116% | 115% | 117% | 115% | 116% | 117% | 120% | 124% | 123% |
| Fjármögnunarþekja erlendra mynta | 140% | 132% | 116% | 121% | 127% | 132% | 143% | 166% | 179% | 154% |
| Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna | 1,5% | 1,6% | 1,3% | 1,6% | 1,7% | 1,6% | 1,7% | 1,9% | 2,0% | 2,1% |
| Heildareignir | 1.600.952 | 1.564.177 | 1.610.265 | 1.501.110 | 1.523.188 | 1.564.177 | 1.426.328 | 1.326.041 | 1.192.870 | 1.111.157 |
| Útlán í hlutfalli við innlán viðskiptavina | 162,1% | 160,5% | 154,3% | 157,9% | 157,7% | 160,5% | 161,1% | 153,6% | 153,0% | 144,7% |
| Stöðugildi | 869 | 878 | 884 | 872 | 886 | 878 | 893 | 919 | 997 | 1.012 |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Rekstur

| | 1F 2021 | 4F 2020 | 3F 2020 | 2F 2020 | 1F 2020 | 2020 | 2019 | 2018 | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 8.626 | 9.694 | 9.441 | 9.512 | 9.427 | 38.074 | 39.670 | 40.814 | 36.271 | 34.650 |
| Hreinar þjónustutekjur | 2.054 | 1.981 | 2.059 | 1.653 | 1.945 | 7.638 | 8.219 | 8.157 | 8.431 | 7.809 |
| Hrein virðisbreyting | 2.489 | 1.535 | -120 | -8.191 | -5.244 | -12.020 | -4.827 | 1.352 | 1.785 | -318 |
| Gjaldeyrisgengismunur | -27 | -52 | -52 | -259 | 85 | -278 | -584 | -1.497 | -1.375 | -179 |
| Aðrar rekstrartekjur | 2.618 | 4.919 | -427 | 3.160 | -2.813 | 4.839 | 9.039 | 5.084 | 8.400 | 6.738 |
| **Rekstrartekjur samtals** | **15.759** | **18.077** | **10.901** | **5.875** | **3.400** | **38.253** | **51.517** | **53.910** | **53.512** | **48.700** |
| Laun og launatengd gjöld | 3.769 | 3.986 | 3.135 | 3.802 | 3.844 | 14.767 | 14.458 | 14.589 | 14.061 | 14.049 |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.315 | 2.433 | 1.995 | 2.206 | 2.430 | 9.064 | 9.534 | 9.348 | 9.789 | 9.465 |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | 467 | 400 | 540 | 425 | 450 | 1.815 | 4.204 | 3.860 | 3.253 | 2.973 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **6.551** | **6.819** | **5.670** | **6.433** | **6.724** | **25.646** | **28.196** | **27.797** | **27.103** | **26.487** |
| **Hagnaður (Tap) fyrir skatta** | **9.208** | **11.258** | **5.231** | **-558** | **-3.324** | **12.607** | **23.321** | **26.113** | **26.409** | **22.213** |
| Tekjuskattur | 1.590 | 1.436 | 1.245 | -899 | 304 | 2.086 | 5.086 | 6.853 | 6.643 | 5.570 |
| **Hagnaður (Tap) tímabilsins** | **7.618** | **9.822** | **3.986** | **341** | **-3.628** | **10.521** | **18.235** | **19.260** | **19.766** | **16.643** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Efnahagur

| | 31.3.2021 | 31.12.2020 | Breyting | | 31.12.2019 | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sjóður og innistæður í Seðlabanka | 59.937 | 67.604 | -7.667 | -11% | 69.824 | 70.854 | 55.192 |
| Markaðsskuldabréf | 134.183 | 119.330 | 14.853 | 12% | 115.262 | 77.058 | 117.310 |
| Hlutabréf | 31.811 | 26.808 | 5.003 | 19% | 30.019 | 23.547 | 27.980 |
| Útlán og kröfur á lánastofnanir | 55.234 | 48.073 | 7.161 | 15% | 47.929 | 71.385 | 44.866 |
| Útlán og kröfur á viðskiptavini | 1.287.448 | 1.273.426 | 14.022 | 1% | 1.140.184 | 1.064.532 | 925.636 |
| Aðrar eignir | 32.339 | 28.936 | 3.403 | 12% | 23.110 | 18.665 | 21.886 |
| **Eignir samtals** | **1.600.952** | **1.564.177** | **36.775** | **2%** | **1.426.328** | **1.326.041** | **1.192.870** |
| Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka | 40.932 | 48.725 | -7.793 | -16% | 48.062 | 34.609 | 32.062 |
| Innlán frá viðskiptavinum | 794.252 | 793.427 | 825 | 0% | 707.813 | 693.043 | 605.158 |
| Lántaka | 452.709 | 420.178 | 32.532 | 8% | 373.168 | 314.412 | 281.874 |
| Aðrar skuldir | 30.825 | 22.227 | 8.598 | 39% | 30.470 | 31.027 | 27.642 |
| Víkjandi lántaka | 20.850 | 21.366 | -516 | -2% | 19.081 | 13.340 | 77 |
| Eigið fé | 261.384 | 258.255 | 3.129 | 1% | 247.734 | 239.610 | 246.057 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | **1.600.952** | **1.564.177** | **36.775** | **2%** | **1.426.328** | **1.326.041** | **1.192.870** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Starfsþættir

| 1.1 - 31.3.2021 | Einstaklingssvið | Fyrirtækjasvið | Eignastýring og miðlun | Fjárstýring og viðskiptavakt | Aðrir starfsþættir | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 4.017 | 4.590 | 113 | -77 | -17 | 0 | 8.626 |
| Hreinar þjónustutekjur | 615 | 295 | 1.237 | -83 | 90 | -100 | 2.054 |
| Hrein virðisbreyting | 477 | 2.012 | -1 | 1 | 0 | 0 | 2.489 |
| Aðrar tekjur og (gjöld) | 75 | 57 | 100 | 2.203 | 159 | -4 | 2.590 |
| **Rekstrartekjur (gjöld) samtals** | **5.184** | **6.954** | **1.449** | **2.044** | **232** | **-104** | **15.759** |
| Rekstrarkostnaður | -1.680 | -721 | -520 | -204 | -3.064 | 105 | -6.084 |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | -187 | -83 | -3 | -194 | 0 | 0 | -467 |
| Úthlutaður kostnaður | -1.109 | -708 | -278 | -229 | 2.324 | 0 | 0 |
| **Hagnaður (tap) fyrir skatta** | **2.208** | **5.442** | **648** | **1.417** | **-508** | **1** | **9.208** |
| Tekjuskattur | -559 | -1.316 | 196 | -13 | 102 | 0 | -1.590 |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | **1.649** | **4.126** | **844** | **1.404** | **-406** | **1** | **7.618** |
| | | | | | | | |
| Heildareignir | 667.563 | 627.192 | 14.623 | 656.722 | 2.770 | -367.918 | 1.600.952 |
| Heildarskuldir | 635.415 | 505.867 | 8.246 | 555.188 | 2.770 | -367.918 | 1.339.568 |
| Úthlutað eigið fé | 32.148 | 121.325 | 6.377 | 101.534 | 0 | | 261.384 |



Fjárhæðir í milljónum króna

# Fyrirvari

- Kynningu þessari er einvörðungu ætlað að vera til upplýsinga og skal hvorki tekið sem tilboði eða hvatningu um áskrift, kaup eða sölu á fjármálagerningum af hvaða tegund sem er.

- Upplýsingar í kynningu þessari hafa ekki verið sannreyndar sérstaklega. Landsbankinn ábyrgist ekki að upplýsingar eða skoðanir í kynningu þessari séu nákvæmar, sanngjarnar eða tæmandi.

- Í kynningu þessari kunna að vera áætlanir og framtíðarspár sem eru háðar ýmsum áhættum og óvissuþáttum sem gætu leitt til þess að raunveruleg niðurstaða verði í verulegum atriðum önnur og sem gætu haft neikvæð fjárhagsleg áhrif á þau atriði sem fjallað er um í kynningu þessari.

- Landsbankinn ber enga ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni, hvernig sem það er tilkomið, vegna notkunar á þessari kynningu.

- Landsbankinn er ekki skuldbundinn til að uppfæra kynningu þessa, veita frekari upplýsingar eða leiðrétta villur sem kunna að koma í ljós.